

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 291/2003/EB

frá 6. febrúar 2003

### um Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna 2004

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
149. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efling góðrar menntunar er eitt af markmiðum Evrópubandalagsins.
- 2) Leiðtogaráðið viðurkenndi menntunargildi íþróttanna á fundi sínum í Nissa 7., 8. og 9. desember 2000, og staðfesti þar með eldri yfirlýsingar, einkum 29. yfirlýsingu sem fylgir Amsterdam-sáttmálanum þar sem íþróttir eru skilgreindar sem mótandi fyrir sjálfsmýnd fólks.
- 3) Á leiðtogaráðsfundinum í Nissa var skorað á stofnanir Bandalagsins að taka tilhlýðilegt tillit til menntunargildis íþróttanna í aðgerðum sínum samkvæmt hinum ýmsu ákvæðum sáttmálans, og rík áhersla var lögð á að aðildarríkjunum væri mikilvægt, með stuðningi Bandalagsins, að hvetja til sjálfboðastarfs.
- 4) Í ályktun ráðsins og ráðherra æskulýðsmála, sem komu saman á vegum ráðsins 17. desember 1999, um óformlegan menntunarátt íþróttanna í æskulýðsáætlunum Evrópubandalagsins <sup>(5)</sup>, er íþróttastarf talið hafa menntunargildi sem stuðlar að því að efla

borgaralegt samfélag og þar er skorað á framkvæmdastjórnina að vinna að, í samvinnu við aðildarríkin, samfelldri áætlun til að nýta menntunargildi íþróttanna.

- 5) Í ályktun sinni um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um hvernig unnt sé að standa vörð um núverandi skipulag íþróttaiðkunar og að viðhalda félagslegum þætti íþróttanna <sup>(6)</sup>, leggur Evrópuþingið áherslu á menntunargildi og félagslegt gildi íþróttanna sem og hlutverk þeirra í baráttunni gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri.
- 6) Í ályktun sinni frá 13. júní 1997 um hlutverk Evrópusambandsins í íþróttamálum <sup>(7)</sup>, hvatti Evrópuþingið til þess að skipulagt yrði Evrópuár íþróttanna.
- 7) Svæðanefndin benti á í ályktun sinni um samráðsskjal framkvæmdastjórnarinnar, „Evrópskt skipulag íþróttaiðkunar“, hversu mikilvægu hlutverki íþróttaiðkun gegnir í mótun einstaklingsins.
- 8) Í skýrslu sinni um íþróttir fyrir leiðtogaráðsfundinn í Helsinki kannaði framkvæmdastjórnin kosti þess að nota íþróttir í tengslum við menntunar- og æskulýðsmál vegna þeirra gilda sem íþróttir miðla.
- 9) Regluleg hreyfing bætir andlegt og líkamlegt heilbrigði og getur haft jákvæð áhrif á lærdómsferlið.
- 10) Þátttaka ungra íþróttamanna og íþróttakvenna í afreksíþróttum ætti ekki að bitna á námi þeirra.
- 11) Menntun með iðkun íþróttanna ætti að efla sjálfsmýnd og þroska stúlkna og drengja.
- 12) Menntunar- og þjálfunarstofnanir á öllum stigum ættu að nýta betur tækifæri til hreyfanleika milli landa og menningarsamskipta sem íþróttaiðkun býður upp á.
- 13) Ólympíuleikarnir og aðrir íþróttaviðburðir á árinu 2004 munu auka umfjöllun fjölmiðla og vitund almennings um íþróttir. Það er tilvalið tækifæri til að leggja áherslu á menntunargildi íþróttanna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 25 E, 29.1.2002, bls. 531.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 149, 21.6.2002, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 278, 14.11.2002, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. október 2002 (Stjtið. EB C 275 E, 12.11.2002, bls. 70) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. desember 2002.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 8, 12.1.2000, bls. 5.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 135, 7.5.2001, bls. 274.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 200, 30.6.1997, bls. 252.

- 14) Aðgerðir í aðildarríkjunum eru helsta leiðin til að auka vitund almennings um menntunargildi íþróttá. Þá getur Bandalagið stutt við og eftt slíkar aðgerðir með því að koma á laggirnar Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá.
- 15) Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá mun koma til viðbótar og efla núverandi aðgerðir Bandalagsins til að stuðla að menntun og þjálfun, sem og félagslegri aðlögun fólks sem stendur höllum fæti.
- 16) EFTA-löndunum innan EES ætti að vera frjálst að taka þátt í Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá í samræmi við skilyrðin, sem sett voru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), og samstarfsríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðkomandi Evrópusamningum þeirra. Þátttöku Kýpur skal fjármagna með aukafjárveitingu í samræmi við ráðstafanir sem samið verður um, og þátttöku Möltu og Tyrklands með aukafjárveitingum í samræmi við EB-sáttmálann.
- 17) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun í skilningi 33. liðar samstarfssamnings milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(1)</sup>.
- 18) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel fram markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, einkum þess að það útheimtir samstarf margra landa, upplýsingaskipti milli landa og miðlun góðra starfsvenja í öllu Bandalaginu, og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, m.a. sakir þess hve þær eru umfangsmiklar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhöfsregluna eins og hún er sett fram í fyrrnefndri grein.
- 19) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(2)</sup>.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

#### Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá

Árið 2004 skal vera „Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

##### 2. gr.

#### Markmið

Markmið Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttá eru eftirfarandi:

- að efla skilning menntastofnana og íþróttasamtaka á þörfinni á samstarfi til að þróa menntun með iðkun íþróttá og Evrópuþátt hennar, að teknu tilliti til hins mikla áhuga sem ungt fólk sýnir iðkun ýmiss konar íþróttá,
- að nýta þau gildi sem íþróttir miðla til að auka þekkingu og færni, sem gerir einkum ungu fólki kleift að þróa líkamlegt atgervi og vilja til að leggja sitt af mörkum, auk þess að tileinka sér félagslega hæfni eins og hópvinnu, samstöðu, umburðarlyndi og háttvísi innan fjölmennningarlegs ramma,
- að auka vitund um það að sjálfbóðastarf er jákvætt framlag til óformlegrar menntunar, einkum ungs fólks,
- að auka menntunargildi sem fylgir hreyfanleika nemenda og nemendaskiptum, einkum í fjölmennningarlegu umhverfi, með því að skipuleggja íþróttamat og menningarviðburði sem hluta af skólastarfinu,
- að stuðla að miðlun góðra starfsvenja þegar kemur að því hlutverki sem íþróttir geta gegnt í menntakerfinu til að auka félagslega aðlögun fólks sem stendur höllum fæti,
- að skapa betra jafnvægi milli vitsmunalegra og líkamlegra íþróttagreina í skólanum með því að hvetja til íþróttaiðkunar í skólastarfinu,
- beina sjónum að þeim vandamálum sem tengjast skólagöngu ungs afreksfólks í íþróttum, með það fyrir augum að ungir námsmenn geti ennfremur stundað afreksíþróttir.

##### 3. gr.

#### Helstu aðgerðasvið

1. Þær ráðstafanir, sem gera skal til að ná markmiðunum í 2. gr., skulu ná yfir skipulagningu eftirfarandi starfsemi árið 2004 eða stuðning við slíka starfsemi:
  - a) fundir, mót og viðburðir með menntunargildi á evrópskum vettvangi þar sem áhersla er lögð á árangur og reynslu af viðfangsefnum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttá,
  - b) sjálfbóðastarf á evrópskum vettvangi á meðan á Ólympíuleikunum og öðrum íþróttaviðburðum á árinu 2004 stendur,
  - c) upplýsingaherferðir og kynningarátak, m.a. í samvinnu við fjölmiðla, til að koma á framfæri menntunargildi íþróttá,

- d) viðburðir sem kynna menntunargildi íþróttá og eru dæmi um góðar starfsvenjur,
- e) fjárstuðningur til fjölpjódlegra, innlendra, svæðisbundinna og staðbundinna framtaksverkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttá verði náð.
2. Nákvæm lýsing á ráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr., er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

#### Framkvæmd og samstarf við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á því að þær ráðstafanir Bandalagsins, sem samþykktar eru samkvæmt þessari ákvörðun, komi til framkvæmda í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. og í fullu samræmi við dreiffræðisregluna.
2. Hvert aðildarríki skal fela einni eða fleiri viðeigandi stofnunum að skipuleggja þátttöku þess í Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá og fela henni jafnframt ábyrgð á viðeigandi vettvangi á samræmingu og framkvæmd ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, m.a. að vera til aðstoðar við valið sem um getur í 7. gr.

5. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

#### Fjárhagsákvæði

1. Heimilt er að styrkja úr sjóðum Evrópusambandsins ráðstafanir sem ná til alls Bandalagsins, eins og lýst er í A-hluta viðaukans svo að nemi allt að 80% af heildarkostnaði.
2. Ráðstafanir, sem þjóna hagsmunum Bandalagsins og eru staðbundnar, svæðisbundnar, innlendar eða fjölpjóðlegar, eins og lýst er í B-hluta viðaukans, er hægt að fjármagna að hluta úr sjóðum Evrópusambandsins svo að nemi allt að 50% af heildarkostnaði.

7. gr.

#### Málsmeðferð við umsóknir og val

1. Umsóknir um fjármögnun ráðstafana að hluta til úr sjóðum Bandalagsins, skv. 2. mgr. 6. gr., skal stofnanin eða stofnanirnar, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., leggja fyrir framkvæmdastjórnina Í umsóknunum skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að meta niðurstöður á grundvelli hlutlegra viðmiða. Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til mats hlutaðeigandi stofnana.

2. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir um ráðstafanir, sem fjármagnaðar eru að hluta skv. 6. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Framkvæmdastjórnin tryggir jafna skiptingu milli aðildarríkanna og viðkomandi starfssviða.

3. Framkvæmdastjórnin skal, einkum fyrir tilstilli lands- eða svæðisskrifstofa, í samstarfi við aðilana, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., tryggja að beiðnir um tillögur séu birtar í tæka tíð og dreift sem víðast.

8. gr.

#### Samræmi og heild

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja samræmi milli ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, og annarra aðgerða og framtaksverkefna Bandalagsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá, önnur framtaksverkefni Bandalagsins, innlend og svæðisbundin framtaksverkefni og fjármagn myndi til samans heild, eftir því sem unnt er, þar sem þau geta stuðlað að því að markmiðum með Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá verði náð.

9. gr.

#### Þátttaka tiltekinna þriðju landa

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá:

- a) EFTA-löndunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem sett eru í EES-samningnum,
- b) samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin sem sett eru samkvæmt viðkomandi Evrópusamningnum þeirra,
- c) Kýpur, en þátttaka landsins grundvallast á aukafjárveitingu í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land,
- d) Möltu og Tyrklandi, en þátttaka þeirra grundvallast á aukafjárveitingum í samræmi við ákvæði sáttmálans.

10. gr.

#### Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsrammi til að koma þessari ákvörðun í framkvæmd er 11,5 milljónir evra.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga- valdsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.
3. Að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að veita fjármagn fyrir árið 2004 til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluáðstoðar sem kemur bæði framkvæmdastjórninni og styrkþegum til góða, sem ekki falla undir yfirstandandi verkefni innan opinberrar þjónustu, á sviði greiningar, undirbúnings, umsýslu, eftirfylgni, úttektar og eftirlits ráðstafananna.

11. gr.

### Alþjóðlegt samstarf

Framkvæmdastjórninni er heimilt að starfa með Evrópuráðinu og öðrum viðeigandi alþjóðastofnunum í tengslum við Evrópuár menntunar með iðkun íþrótta í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr 5. gr.

12. gr.

### Eftirlit og mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2005, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina skýrslu um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat á þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

13. gr.

### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. EFTHYMIU

*forseti.*

## VIDAUKI

## RÁDSTAFANIR SEM UM GETUR Í 3. GR.

## A. Aðgerðir á vettvangi Bandalagsins

## 1. Fundir og viðburðir:

- a) skipulagning fundna,
- b) skipulagning viðburða til að auka vitund um menntun með íþróttaiðkun, þ.m.t. ráðstefnur við upphaf og lok Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna,
- c) sjálfboðastarf á meðan á Ólympíuleikunum og öðrum íþróttaviðburðum á árinu 2004 stendur.

## 2. Upplýsingaherferðir og kynningarátak:

- a) mótun kennimerkis og slagorða fyrir Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna til að nota í allri starfsemi sem tengist því,
- b) upplýsingaherferð,
- c) framleiðsla tækja og hjálpargagna sem fólk hefur aðgang að alls staðar í Bandalaginu,
- d) viðeigandi framtaksverkefni menntastofnana og íþróttasamtaka sem ætlað er að miðla upplýsingum um Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna,
- e) skipulagning móta með menntunargildi á evrópskum vettvangi þar sem lögð er áhersla á árangur og reynslu af viðfangsefnum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna.

## 3. Aðrar aðgerðir:

- a) beinlínutengdum gagnabanka komið á fót, með þeim tilföngum sem fyrir hendi eru, sem leið til að miðla góðum starfsvenjum í aðildarríkjunum að því er varðar það að nota íþróttir sem tæki til menntunar og einkum til að stuðla að félagslegri aðlögun fólks sem stendur höllum fæti,
- b) kannanir og rannsóknir til að meta áhrif Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna.

## 4. Fjármögnun getur verið:

- a) bein kaup á vörum og þjónustu, einkum á sviði fjarskipta, kannana og rannsókna eins og um getur í b-lið í 3. lið hér að framan, með opnum og/eða lokuðum útboðum,
- b) styrkir, veittir til að greiða kostnað af sérstökum viðburðum til að leggja áherslu á og auka vitund um Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna; slík fjármögnun skal ekki fara yfir 80% af heildarkostnaði.

## B. Aðgerðir á innlendum vettvangi

Aðgerðir á staðbundnum, svæðisbundnum, innlendum eða fjölþjóðlegum vettvangi geta fengið fjárhagsaðstoð frá Bandalaginu að hámarki 50% af heildarkostnaði, allt eftir aðgerðum og inntaki. Þessar aðgerðir geta t.d. falist í:

1. viðburðum sem tengjast markmiðum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna, þ.m.t. þegar árinu er hleypt af stokkunum,
2. upplýsingaherferðum og ráðstöfunum til að miðla dæmum um góðar starfsvenjur, öðrum en þeim sem getið er í A-hlutanum hér að framan,
3. skipulagningu verðlaunaveitinga eða keppna sem leggja áherslu á mikilvægi menntunar með iðkun íþróttanna,
4. öðrum könnunum og rannsóknum en um getur í A-hluta hér að framan.

## C. Aðgerðir sem ekki er hægt að fá fjárhagsaðstoð fyrir frá Bandalaginu

Bandalagið veitir framtaksverkefnum opinberra eða einkarekinna stofnana siðferðilegan stuðning, þ.m.t. skriflega heimild til að nota kennimerkið og annað efni tengt Evrópuári menntunar með iðkun íþróttanna, svo framarlega sem þessar stofnanir geti sýnt framkvæmdastjórninni fram á það með fullnægjandi hætti að þessi framtaksverkefni séu eða verði unnin á árinu 2004 og hægt sé að gera ráð fyrir að þau séu mikilvægt framlag til að ná einu eða fleiri markmiðum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna.